

REGLUGERÐ

um bókhaldslega aðgreiningu efnivara sem notaðar eru til framleiðslu vara af EFTA- og EBE-uppruna.

1. gr.

Heimila má framleiðanda vöru sem telst upprunavara í skilningi fríverslunarsamninga EFTA og EBE að nota svonefnda bókhaldslega aðgreiningu (segregation by accounting) vegna notkunar efnivöru til þeirrar framleiðslu, ef á fullnægjandi hátt er sýnt fram á að eftirfarandi skilyrði séu fyrir hendi:

1. Framleiðanda sé nauðsynlegt að geta beitt bókhaldslegri aðgreiningu vegna kostnaðar eða óhagkvæmni við hlutlæga aðgreiningu.
2. Að um eins efnivörur sé að ræða og að nota megi á víxl efnivöru sem er upprunavara og efnivöru sem ekki er upprunavara. Í því tilliti verða efnivörurnar að vera sams konar, hafa sama viðskiptagildi og sömu tæknileg og hlutlæg einkenni, og ekki sé hægt að aðgreina þær að því er uppruna varðar í fullunninni vöru vegna einhvers konar merkingar á þeim, auðkennis eða þess háttar.

Umsókn hér að lútandi skal senda tolladeild fjármálaráðuneytisins.

2. gr.

Sé bókhaldsleg aðgreining heimiluð verður að vera nægilega tryggt að mati ráðuneytisins að meira magn af vöru öðlist ekki upprunaréttindi heldur en öðlast mundi ef efnivörurnar væru hlutlægt aðgreindar. Í því sambandi verður bókhald framleiðanda að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Með færslum í bókhaldi skal gera ljósan greinarmun á fengnum efnivörum af EFTA- og EBE-uppruna annars vegar og öðrum uppruna hins vegar. Gildir einu hvort efnivaran er birgðavara um sinn eða hennar er aflað beint til framleiðslunnar. Þá skal vera tryggt samkvæmt bókhaldinu að farið sé að skilmálum skv. 1. gr.
2. Bókhaldsfærslur vegna þess er hér um ræðir skulu ekki vera eldri en 24 mánaða. Þegar um er að ræða efnivörur í 50. til 63. kafla tollskrárinnar, sbr. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., skal þetta tímabil þó ekki vera lengra en 12 mánuðir. Heimila má þó framlengingu þegar halda verður efnivörur lengur í birgðum en þessum tíma nemur áður en þær eru teknar í notkun. Að því er varðar efnivörur í nefndum 50. til 63. kafla verður beiðni þar að lútandi að vera rökstudd, og skal heimild ná til eigi lengri tíma en 24 mánaða og því aðeins veitt að birgðir hafi áður verið skoðaðar.

Lok tímabils telst annað hvort

- a) dagsetning beiðni um útgáfu EUR. 1 flutningsskírteinis eða útfylling EUR. 2 eyðublaðs, eða
- b) framleiðsludagur hinnar fullbúnu vöru.

3. gr.

Framleiðanda sem telja verður að geti ekki tryggt umrætt fyrirkomulag á fullnægjandi hátt verður ekki veitt heimild til bókhaldslegrar aðgreiningar.

4. gr.

Veitt leyfi til bókhaldslegrar aðgreiningar er hægt að afturkalla án fyrirvara, m. a. ef framleiðandi uppfyllir ekki lengur sett skilyrði eða getur ekki lengur tryggt framkvæmd nefnds fyrirkomulags á fullnægjandi hátt.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 21. júlí 1983.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

SAMPYKKT

um gatnagerðargjöld í Súðavíkurbreytingu.

1. gr.

Hreppsnefnd Súðavíkurbreytingu er heimilt að leggja á gatnagerðargjöld í sveitarfélaginu eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar: A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með vatns- og holræsalögnum, og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götu og að ganga endanlega frá gangstétt.

3. gr.

Við álagningu gatnagerðargjalda skal miða við ákveðið hlutfall byggingakostnaðar á rúmmetra „vísitöluhúss“, eins og hann er reiknaður af Hagstofu Íslands.

Reikna skal stærð bygginga samkvæmt IST 50.

Ef fleiri en einn eigandi er að byggingu skiptast gjöld í samræmi við það rúmmál, sem hverjum tilheyrir, samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins.

4. gr.

Álagning A-gjalda og B-gjalda skal vera sem hér segir:

	A-gjald	B-gjald
Einbýlishús	1,5%	3,0%
Tvíbýlishús, parhús og raðhús	1,0%	2,0%
Fjölbýlishús	0,5%	1,0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1,5%	3,0%
Opinberar byggingar	2,0%	3,0%
Iðnaðarhús, vörugæmslur og annað atvinnuhúsnæði	0,5%	1,5%
Önnur hús	0,5%	1,0%

Af kjöllum, rishæðum og bifreiðagæmslum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnureksturs, skal greiða hálf gjald.

Hreppsnefnd er heimilt að fella niður gjald af rishæð íbúðarhúss sem ekki er nýtanleg.

Sem hluta B-gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 13 (vísitala 120) af hverjum fermetra lóðar, hvort sem bygging er þar á, eða ekki.